

TILKYNNING VEGNA KRÖFUHAFAFUNDAR SKULDABRÉFAEIGENDA HEIMA100646

sem halda átti þann 7. desember 2020

Stjórn Heimavalla hf. hefur boðað til fundar skuldabréfaeigenda í skuldabréfaflokki HEIMA100646, kl. 11:00 þann 7. desember 2020 í samræmi við útgáfulýsingu, dags. 6. desember 2016, þar sem á dagskrá eru m.a. tillögur Heimavalla hf. um tilteknar breytingar á skilmálum skuldabréfanna.

Heimavellir hf. gera nú viðbótartillögu um frekari breytingar á skuldabréfunum, sbr. viðauki við þessa tilkynningu, sem ætla má að sé hagfelld skuldabréfaeigendum, og verður tillagan borin undir atkvæði kröfuhafa á fyrrgreindum fundi skuldabréfaeigenda. Í ljósi þessa og til að gefa skuldabréfaeigendum færi á að mynda sér upplýsta skoðun á kostum framkominnar tillögu, hefur verið ákveðið að fresta fundinum til 11. desember kl. 11:00.

Ítrekað er að atkvæðisréttur skuldabréfaeigenda HEIMA100646 miðast við fjárhæðir hvers skuldabréfaeiganda sem hlutfall af útstandandi fjárhæð skuldabréfaflokksins við lok dags daginn fyrir fund skuldabréfaeigenda

Jafnframt er ítrekað að ákvarðanir sem teknar eru með tilskyldum atkvæðafjölda á ályktanabærum kröfuhafafundi binda alla kröfuhafa.

Í ljósi sóttvarnarreglna verður fundurinn haldinn í gegnum Microsoft Teams samskiptaforritið og eru kröfuhafar beðnir um að tilkynna um fundarsókn sína til veðgæsluaðila í pósthöfn gulumundur@lex.is sem mun í kjölfarið senda rafrænt fundarboð ásamt fundargögnum.

Nánari upplýsingar veitir:

Erlendur Kristjánsson, fjárfestatengill/regluvörður, erlendur@heimavellir.is, s. 5173440

VIÐBÓTARTILLÖGUR ÚTGEFANDA SKULDABRÉFA
TIL FRAMLAGNINGAR OG AFGREIÐSLU Á KRÖFUHAFAFUNDI Í SKULDABRÉFAFLOKKNUM
HEIMA100646 (ISIN: IS0000027381)

VIÐBÓTARTILLÖGUR

Breytingar á skilmálum

Heimavellir gera eftirfarandi viðbótartillögu um breytingu á skilmálum skuldabréfa í flokknum HEIMA100646 (ISIN: IS0000027381) sem fram koma í 2. kafla útgáfulýsingar, dags. 5. júlí 2016, undir fyrirsögninni „Upplýsingar um útgáfuna“:

1. Ákvæði undir fyrirsögninni „Gjaldfellingarheimildir“ skal breytt þannig að við bætist ný málsgrein í lokin sem skal vera svohljóðandi:

Gjaldfellingarheimildir	Ef: (a) útgefandi gefur út skuldabréf í nýjum skuldabréfaflokki eða þriðji aðili gefur út skuldabréf á grundvelli samnings við útgefanda, sem felur í sér að útgefandi undirgangist skuldbindingu gagnvart þriðja aðila sem endurspeglar skuldir þriðja aðilans vegna skuldabréfaútgáfunnar og miðar að því að halda honum skaðlausum vegna skuldabréfaútgáfunnar (í hvoru tilviki kallað „nýja útgáfan“); (b) þar sem heildarfjárhæð nýju útgáfunnar er a.m.k. 1 milljarður króna (eða samsvarandi fjárhæð í erlendri mynt); (c) þar sem meðallíftími (e. duration) skuldabréfa í nýju útgáfunni er ekki minni en 5 ár og útreikningur á meðallíftíma miðast við fyrstu dagsetninguna sem umframgreiðsla er heimil í nýju útgáfunni; og (d) skuldabréfaeigendum hefur ekki verið boðið að skipta út skuldabréfum sínum í flokknum HEIMA100646 fyrir skuldabréf í nýju útgáfunni samhliða fyrstu útgáfu skuldabréfa í nýju útgáfunni („skiptirétturinn“), þar sem: (i) skuldabréfaeigendur skulu hafa a.m.k. sjö (7) daga frest frá því að niðurstaða útboðs útgefanda í tengslum við nýju útgáfuna liggur fyrir til að tilkynna að þeir vilji nýta sér skiptiréttinn; (ii) nýja útgáfan mun stækka, frá því sem útgefandi hefur tilkynnt, um fjárhæð sem samsvarar verðmæti skuldabréfa þeirra skuldabréfaeigenda sem hafa tilkynnt að þeir muni nýta skiptiréttinn; og (iii) þar sem verðmæti skuldabréfa viðkomandi skuldabréfaeigenda í flokknum HEIMA100646 (hér „eldri skuldabréfin“) skal við nýtingu skiptiréttarins metið þannig á þeim degi sem skiptin eiga sér stað („viðmiðunardagur“) að ef: A) skiptirétturinn er nýttur fyrir 11. júní 2026, skal verðleggja eldri skuldabréfin út frá því að ávöxtunarkrafa nýju útgáfunnar verði ávöxtunarkrafa eldri skuldabréfanna fram að því að umframgreiðsluheimild verður virk (e. Yield to call);; B) skiptirétturinn er nýttur eftir 10. júní 2026, skal verðmæti skuldabréfanna ákvarðað sem fjárhæð sem samsvarar samanlagðri fjárhæð: (1) útistandandi nafnverðsfjárhæðar skuldabréfanna á viðmiðunardegi; (2) áföllnum verðbótum og áföllnum en ógreiddum vöxtum á viðmiðunardegi; og (3) 0,5% uppgreiðslugjalds.
--------------------------------	---

Útskýringar með tillögu:

Tillagan byggir á því að ef útgefandi mun síðar, eftir að skuldabréf í flokknum HEIMA100646 hafa verið tekin úr viðskiptum í kauphöll, gefa út ný skuldabréf sem uppfylla tiltekin skilyrði, þá muni

skuldabréfaeigendum standa til boða að skipta á skuldabréfum sínum í flokknum HEIMA100646 fyrir skuldabréf í hinni nýju útgáfu að höfuðstólsfjárhæð sem samsvarar verðmæti eldri skuldabréfanna. Eigi slík útgáfa sér stað án þess að skuldabréfaeigendum sé boðið að nýta rétt sinn til að skipta út skuldabréfum sínum, yrði um vanefndartilvik að ræða.